

## 8. gr.

*Sumarbúðir og útivistarsvæði.*

Heimilt skal að veita viðurkenndum aðilum styrki:

- a) til sumarbúðastarfsemi fyrir æskufólk og
- b) til að laga og bæta aðstæður á ákveðnum útivistarsvæðum.

Um framangreindar styrkveitingar skulu settar sérstakar reglur.

## 9. gr.

*Önnur starfsemi í þágu æskufólks.*

Heimilt skal að styðja einstök verkefni í þágu æskufólks, þ. á m. nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi, svo og ráðstafanir, sem miða að lausn sérstakra æskulýðsvandamála, er skapast kunna, enn fremur til námskeiða og annars fræðslustarfs einstakra samtaka.

## IV. KAFLI

**Stuðningur bæjar- og sveitarfélaga við æskulýðsmál.**

## 10. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga semur í samráði við sveitar- og bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur reglur um stuðning þessara aðila við æskulýðsmál, en menntamálaráðherra staðfestir reglurnar. Skal stuðningur þessara aðila m. a. ná til þátttöku í kostnaði við störf leiðbeinenda, tækjakaup og húsnæði.

## V. KAFLI

**Reglugerð og gildistaka.**

## 11. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. apríl 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gislason.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl.,  
nr. 14 20. júní 1923.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:

Óheimilt er að hafa undir höndum eða varðveita, veita viðtöku, gefa, afhenda, selja eða verzla með hvers konar lyf og efni, er ákvæði laga þessara taka til og ólöglega eru flutt inn eða framleidd. Gera skal upptæka til ríkissjóðs slíka vöru og hagnað af verzlun með hana.

## 2. gr.

5. gr. laganna verður 6. gr. og orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 1 milljón króna eða varðhaldi og fangelsi allt að 6 árum, ef um stórfellt brot er að ræða. Það telst stórfellt brot, ef lyfjum þeim eða efnum, sem undir löginn falla og ólöglega eru flutt inn eða framleidd, er dreift til margra manna eða þau seld gegn verulegu gjaldi, eða ef um er að ræða innflutning, útlutning, vörzlu, verzlun, mót-töku, afhendingu, framleiðslu eða vinnslu þessara lyfja eða efna í því skyni að selja þau eða dreifa þeim til margra manna eða gegn verulegu gjaldi með öðrum hætti en lög þessi eða lyfsöslulög heimila.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

6. gr. laganna verður 7. gr.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 43 2. maí 1968 inn í lög nr. 14 20. júní 1923 og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

**L Ö G**

**um ráðstöfun á Minningarsjóði Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum er hér með felld úr gildi. Jafnframt er heimilt að greiða stjórn Félags Gautlandaættar allt fé sjóðsins til þess að heiðra minningu gefandans með útgáfu niðjatala og minningarrits.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*